

REGLUGERÐ**um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1977.****1. gr.**

Gjald það, sem lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum og héraðslæknum ber að greiða fyrir árið 1977, vegna lyfjaeftirlits samkvæmt 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skal vera sem hér segir:

I. flokkur		kr. 50 000
II. flokkur		— 42 000
III. flokkur		— 34 000
IV. flokkur		— 26 000
V. flokkur		— 18 000

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

- I. flokkur: Lyfjabúðin Iðunn
Reykjavíkur Apótek
- II. flokkur: Apótek Austurbæjar
Apótek Keflavíkur
Laugavegs Apótek
- III. flokkur: Akureyrar Apótek
Hafnarfjarðar Apótek
Holts Apótek
Ingólfs Apótek
Stjörnu Apótek
Vesturbæjar Apótek
- IV. flokkur: Akraness Apótek
Apótek Vestmannaeyja
Borgar Apótek
Garðs Apótek
Háaleitis Apótek
Húsavíkur Apótek
Ísafjarðar Apótek
Kópavogs Apótek
Laugarness Apótek
Lyfjabúð Breiðholts
Selfoss Apótek
- V. flokkur: Apótek Austurlands, Seyðisfirði
Apótek Blönduóss
Árbæjar Apótek
Borgarness Apótek
Dalvíkur Apótek
Nes Apótek, Neskaupstað
Patreks Apótek
Sauðárkróks Apótek
Siglufjarðar Apótek
Stykkishólms Apótek.

3. gr.

Lyfjagerðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

- I. flokkur: Lyfjaverslun ríkisins
Pharmaco hf.
- II. flokkur: Stefán Thorarensen hf.

4. gr.

Lyfjaheildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

- I. flokkur: G. Ólafsson hf.
Lyfjaverslun ríkisins
Stefán Thorarensen hf.
- II. flokkur: Ásgeir Sigurðsson hf.
Hermes sf.
Pharmaco hf.
- III. flokkur: Farmasía hf.
H. Ólafsson & Bernhöft
Lyf sf.

5. gr.

Héraðslæknar, sem annast lyfjasölu samkvæmt 42. gr. lyfsölulaga, skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt V. flokki.

6. gr.

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús. Skulu þá deildskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald samkvæmt II. flokki, en önnur sjúkrahús samkvæmt V. flokki.

7. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til ríkisfóhriðis fyrir 15. nóvember 1977. Gjaldið er lögtakskræft.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. október 1977.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Jón Ingimarsson.

28. september 1977.

Nr. 358.

Staðfesting forestans á skipulagsskrá fyrir Heilsugæslusjóð Hrafnistu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. september 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Heilsugæslusjóð Hrafnistu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Heilsugæslusjóður Hrafnistu.